

Kennsluáætlun í smíðum skólaárið 2023-2024

8. bekkur

Kennari: Viktor Páll Magnússon

Verkgreinakennsla í Grunnskóla Öfundarfjarðar tekur mið af þeim hæfniviðmiðum sem sett eru fram í Aðalnámskrá. Áherslurnar fyrir smíðar eru handverk, hönnun og tækni og umhverfi. Enn fremur leitast þau við að mæta áherslupáttum grunnskólalaga og aðalnámskrár. Hvert hæfniviðmið byggist á að minnsta kosti einum efnispætti.

Ekki er unnið með einn þátt í einu heldur skarast þessir þættir í flestum verkefnum. Hæfniviðmið/markmið eru tilgreind í upphafi hvers verkefnis eða lotu.

Kennsluaðferðir:

Kennslan er einstaklingsmiðuð með áherslu á hlutbundið nám með það að markmiði að vekja áhuga nemendanna og gera smíðar að áhugaverðu og lifandi námsefni. Mismunandi leiðir eru farnar að markmiðum Aðalnámskrár sem taka mið af áhugasviði og þroska nemandans. Nokkur þemaverkefni eru yfir skólaárið.

Námsmat: Námsmatið tengist lykillæfni Aðalnámsskrár og byggist m.a. á virkni, vinnubrögðum, færni, skilningi og einbeitingu nemenda. Símat, endurgjöf og eftirfylgni. Matskvarði fyrir metanleg hæfniviðmið er; Framúrskarandi, hæfni náð, á góðri leið, þarfnast þjálfunar, hæfni ekki náð.

Matsviðmið fyrir 8. - 10. bekk eru A,B+,B,C+,C,D

Kennsluáætlunin er birt með fyrirvara um breytingar

Handverk

Við lok 10. bekkjar getur nemandi:

- Valið aðferðir, efni og verkfæri við hæfi og sýnt rétta og ábyrga notkun verkfæra.
- Sagt frá mikilvægi verkþekkingar í nútíma samfélagi.

Leiðir að markmiðum:

- Samtöl og skýr fyriræli í kennslustund.
- Verkefni sem reyna á þessa þætti.
- Sýnikennsla.

Hönnun og tækni

Við lok 10. bekkjar getur nemandi:

- Útskýrt hugmyndir sínar fríhendis- og með grunnteikningu.
- Hannað verkefni út frá efni, fagurfræði, tækni, umhverfi, notkun og endingu.
- Unnið sjálfstætt eftir verkáætlun og vinnuteikningu, útbúið efnislista og reiknað kostnað.
- Sagt frá hvernig tækni er nýtt í atvinnulífinu.
- Framkvæmt flóknari samsetningar, s.s. samlímingu, töppun og skrúfun.
- Gert grein fyrir áhrifum nýsköpunar á umhverfi sitt og samfélag.

Leiðir að markmiðum

- Samtöl og skýr fyriræli í kennslustund.
- Verkefni sem reyna á þessa þætti.
- Sýnikennsla.

Umhverfi

Við lok 10. bekkjar getur nemandi:

- Greint vistvæn efni frá óvistvænum og haft sjálfbærni að leiðarljósi við vinnu sína, s.s. við efnisval.
- Gert sér grein fyrir hvort og hvernig hægt er að endurnýja ýmsa hluti til að lengja líftíma þeirra.
- Beitt viðeigandi vinnustellingum og notað réttan hlífðarbúnað og fjallað um vinnuvernd og hvers vegna reglur þar að lútandi eru settar.

Leiðir að markmiðum

- Samtöl og skýr fyrirmæli í kennslustund.
- Verkefni sem reyna á þessa þætti.
- Sýnikennsla.